



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Velkomin í skólann

Þá er hið ljúfa sumar að skoppa bak við hól og haustið að taka við með rúfínu og skólagöngu. Við vonum að allir hafi átt ljúfar stundir á þessu indæla sumri og komi endurnærðir aftur til starfa.

Í Glerárskóla ríkir gleði og spenningur eftir því að taka á móti nemendum jafnt gömlum sem nýjum og erum við sannfærð um að skólaárið komi til með að verða bæði gjöfult og árangursríkt.

Áhersluþættir skólustarfsins verða námsmat, kennsluhættir, læsi, jákvæður agi, Olweusarvinna, umhverfismál og grenndarfræði. Það er gaman frá því að segja að skólinn hlaut styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að vinna að tveimur verkefnum, jákvæðum aga og námsmati og breyttum kennsluháttum. Einnig hlutum við styrk frá Forriturum framtíðarinnar svo við getum haldið áfram því starfi sem hófst síðastliðið ár.

Einnig tókum við á móti Grænfánanum í fimmta sinn þann 16. september n.k. og þá höldum við hátíð.

Í sumar voru miklar framkvæmdir í Glerárskóla en allur tengingurinn var endurnýjaður í hól og gólf. Nýtt þak, nýjar loftaplötur, nýtt gólfefni, nýjar innréttingar og allt málað. Það er því orðið afskaplega bjart og fínt hjá okkur í andyri skólans og á ganginum. Skólinn var einnig málaður mjög víða og raflagnir/rafmagnstöflur uppfærðar. Það er því gott að muna að ganga vel um og fara ekki inn á útiskónum.

Skólasýnin okkrar HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI verður okkar leiðarljós líkt og áður. Markmið og gildi skólans eru skýr og munum við af alefli leitast við að efla metnað og árangur nemenda með aðstoð frá forráðamönnum.

Verum stolt af skólanum okkar, tölum fallega um hann og styrkjum starfið því við eigum góða nemendur, faglegt starfsfólk og flotta forráðamenn.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Hlökkum til að sjá ykkur,

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Elínu og Helgu



17. ágúst 2016

1. tbl. 6. árg

Til umhugsunar:

- Metnaður
- Dugnaður
- Árangur
- Gleði

Efnisyfirlit:

Velkomin í skólann	1
Starfsmenn— breytingar	2
Hagnýtar up- plýsingar	2
Skólaárið 2016-2017	3
Veikindi og leyfi	3
Farartæki á hjólum	3
Áskriftir	4
Kynningarfundir	4
Umhverfismál	4



Starfsmenn Glerárskóla—breytingar

Næsta skólaár verða litlar breytingar í starfsmannahópi Glerárskóla. Breytingarnar eru þessar:

Anna Guðrún Jóhannesdóttir kemur til starfa aftur eftir ársleyfi.

Björk Pálmadóttir mun sinna stundakennslu við skólann þetta skólaár á samt Ingibjörgu Björnsdóttur.

Ólafur Viðar Hauksson og Lilja Ingólfssdóttir hafa verið fastráðin við skólann

Einar Ómar Eyjólfsson hefur verið ráðinn sem stuðningsfulltrúi í kennslu og frístund

Lára Gunnarsdóttir hefur verið ráðin sem stuðningsfulltrúi og skólaliði

Nýtt starfsfólk:

Karen Jóhannesdóttir hefur verið ráðin umsjónarkennari í 7. bekk við Glerárskóla og tekur við starfi Bjarkar. Reyndar þekkjum við Karen vel þar sem hún starfaði sem stundakennari við skólann skólaárið 2014-2015.

Við bjóðum Karen velkomna til starfa.

Nokkrar hagnýtar upplýsingar

Húsnæði Glerárskóla opnar **kl. 7:45** á morgnana. Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagurinn hefst kl. 8:15 á morgnana utan eins tíma í sundi hjá eldri nemendum sem hefst kl. 8:00. Skóla lýkur kl. 13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15.

Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á að mikilvægt er að þeir séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift.

Matartímar verða þrískiptir: 1.-3. bekkur um kl. 11:10, 4. bekkur um kl. 11:50, 5. - 6. bekkur um kl. 11:55, 7. bekkur kl. 12:05 og 8. - 10. bekkur kl. 12:10.

Skráningar í mötuneyti, ávaxta -og mjólkuráskrift fara í gegnum www.matartorg.is og hægt er að fá allar upplýsingar um það hjá ritara (Brynja, s: 461-2666).

Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að Mentor en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Mentor opnar fyrir forráðamenn 22. ágúst n.k.

Innkaupalista má nálgast á heimasíðu skólans.



Skólaárið 2016—2017

Skólasetning Glerárskóla verður í íþróttasal mánudaginn 22. ágúst 2016 sem hér segir:

2. - 7. bekkur kl. 9:00

8. - 10. bekkur kl. 10:00

Að lokinni setningu fara nemendur með umsjónarkennara í heimastofur og fá hagnýtar upplýsingar um skólastarf vetrarins.

Þriðjudaginn 23. ágúst 2016 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 2. - 10. bekk.

Nemendur 1. bekkjar ásamt forráðamönnum verða boðaðir í samtali við umsjónarkennara 22. og 23. ágúst. Miðvikudaginn 24. ágúst koma 1. bekkingar í skólann og hefja síðan skólagöngu samkvæmt stundaskrá.

Skóladagatal Glerárskóla 2016-2017 má finna á heimasíðu skólans, www.glerarskoli.is. Nefna má að árlegur útivistardagur nemenda verður í vikunni 29. ág.-2. september og að 5. - 9. september fara nemendur í 7. bekk að Reykjum.

Skólaárið 2016-2017 verður áhersla lögð á námsmat, fjölbreytta kennsluhætti, jákvæðan aga, Olweusarfræði, læsi, grenndar- og útikennslu auk fjölda annarra þátta sem skólastarfið felur í sér. Aðalnámskrá er grunnur að starfsemi skólans og sýn, stefna og gildi Glerárskóla eru það sem skólastafið byggir á.

Við hvetjum forráðamenn til að koma við í skólanum og taka þátt í því starfi sem þar fer fram því samstaða og eining skólasamfélagsins skiptir sköpum svo til verði árangursríkt og skapandi skólastarf.

Veikindi og leyfi



Ef nemendur eru veikir skal láta skólann vita dag hvern, helst strax að morgni. Nemendur 1.—7. bekkjar geta ekki fengið að vera inni fyrir eða eftir veikindi nema um afar sérstakar aðstæður sé að ræða.

Ef nemendur þurfa leyfi frá skóla af einhverjum sökum skal hafa samand við umsjónarkennara vegna leyfa allt að tveimur dögum. Ef óskað er eftir lengra leyfi skal sækja um það til skólastjóra á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans. Það eru ætíð forráðamenn sem sækja um leyfi fyrir nemendur enda bera þeir ábyrgð á námi þeirra.

Ef nemandi fær leyfi frá skóla ber forráðamönnum að sjá til þess að hann dragist ekki aftur úr í námi og fylgi námsáætlun í hvívetna. Athugið að ekki er sjálfgefið að próf eða verkefni séu færð til þó nemandi fari í leyfi frá skóla.



Farartæki á hjólum

Minnum alla á reglur skólans um farartæki á hjólum. Þær má finna á heimasíðu skólans og er gert ráð fyrir að allir fylgi reglunum í hvívetna.

Munum að allir nemendur eiga að nota hjálm!

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á
Facebook:

Ávaxta- og mjólkuráskrift

Ávaxtaáskrift er greidd í einu lagi fram að áramótum. Verðið fyrir áramót er kr. 6.922 og samsvarar einum ávexti á dag. Ávextirnir eru sneiddir niður í skál og verða í skálinni 2-3 tegundir af ávöxtum í hverjum nestistíma að morgni. Hakað er við áskriftina í flípanum hressing líkt og mjólkuráskriftin. Áskriftin er rukkuð í einu lagi með matnum í október.

Mjólkuráskrift felur í sér að nemendur fá glas af mjólk í nestistíma. Áskriftin kostar 3.028 fram að áramótum.

Annaráskrift í hádegismat er 427 kr. fyrir máltíðina.

Skráning er á matartorgi en nánari upplýsingar og aðstoð fást hjá ritara.



Kynningafundir allra árganga verða í ágúst / september. Nánari dagsetningar og tímasetningar verða auglýstar síðar.

Umhverfismál og Grænfáninn

Í Glerárskóla leggjum við áherslu á ábyrgð hvers og eins á eigin umbúðum og tekin hefur verið ákvörðun um það að nemendur fari heim með allar umbúðir af sínu nesti. Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að þessar umbúðir fari á réttan stað þegar heim er komið. Við leggjum til að nemendur hafi með sér box undir nesti og í þetta box geti þeir þá sett umbúðir ef einhverjar eru. Það er mikilvægt að nestið sé þannig útbúið að auðvelt sé að ganga frá umbúðunum. Skólinn veitir fræðslu um umhverfismál og leggur m.a. áherslu á að nemendur velti fyrir sér notkun umbúða. Því minna sem við notum af einnota umbúðum, því betra. Í skólanum er boðið upp á mjólkur- og ávaxtaáskrift og við hvetjum nemendur okkar til þess að drekka vatn.

